



Akureyrarbaer

## Starfsaetlun leikskola



fyrir skolaárið 2025 -2026

## Um skólann

Skólinn er á tveimur stöðum, Tröllaborgir annars vegar sem er til húsa í Tröllagili 29, 603 Akureyri og hins vegar deildin Árholt sem stendur við Hálíð 1, 603 Akureyri. Skólastjóri er Guðrún Halldóra Jóhannsdóttir. Skólinn hóf starfsemi sína árið 2004 og er því að hefja sitt 21. Starfsár í haust. Árholt var tekið í notkun í ágúst 2019 og mun því hefja sitt 7. starfsár í haust. Leikskólinn er rekinn af Akureyrarbæ og heyrir undir fræðsluvið.

Skóladagatal Tröllaborga er að [finna hér](#)

## Tölulegar upplýsingar um nemendur

Áætlaður fjöldi nemenda er 101, eru 98 þegar starfsáætlun er unnin

Áætlaður fjöldi dvalarstunda er 718 – meðalskólatími nemenda er 7,33

Fjöldi nemenda í viðbótarþjónustu er 24

Fjöldi tvítyngdra nemenda er 6

## Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda **31,94**

Heildarfjöldi starfsfólks **35**

## Símenntunaráætlun

Vinna er að hefjast við að innleiða Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Starfsmenn eiga að nýta sér rafræn námskeið tengdum barnasáttmálanum og einnig eru þeir hvattir til að fara á námskeið í jákvæðum aga. Einnig erum við að hefja innleiðingu á teymisvinnu í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fá starfsmenn fræðslu í tengslum við það. Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið á eigin vegum og nýta styrki frá stéttarfélögunum til að greiða fyrir þau.

## Öryggismál

Finna má [Áfalla og slysaáætlun Tröllaborga](#) á heimasíðu leikskólans

## Faglegar áherslur

Einkunnarorð skólans eru Hugur, Hjarta, Hönd

Á Tröllaborgum er lögð áhersla á dyggðakennslu og joga í skólastarfinu. Innleiðingaverli er að hefjast á jákvæðum aga og einnig er að hefjast innleiðing á að verða UNICEF skóli

[Hér má](#) nálgast nánari upplýsingar um áherslur skólans

## Innra mat

Innra mats skýrslu má finna [hér](#).

Langtímaáætlun má finna [hér](#).

Starfsáætlun gæðaráðs má finna [hér](#).

## Foreldrasamstarf

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi í skólanum, [Hér má lesa um foreldrafélag skólans](#) og [hér má lesa um foreldraráð skólans](#).

Foreldrasamtöl fara fram árlega að vori til. Þó er öllum nýjum foreldrum boðið í samtal eftir að barnið hefur verið í skólanum í 3 mánuði. Í þeim er staðan tekin, hvernig gengur og þar fram eftir götum. Foreldrum er ávallt velkomið að óska eftir samtali ef eitthvað er.

[Hér er hægt að lesa foreldrahandbókina](#).

## Samstarf við grenndarsamfélag

Skólinn heyrir undir fræðsluráð, öll samskipti er varða skólann og skólastarf fer þar fram.

Gott samstarf er um hin ýmsu málefni barna.

Við nýtum okkur velferðarsviðið þegar við leitumst eftir sérhæfðari þjónustu heldur en við getum sjálf boðið upp á.

Giljaskóli er okkar næsti nágranni en samstarf hefur verið á milli Tröllaborga og Giljaskóla hvað varðar inngöngu elsta árgangsins í grunnskóla. Elsti árgangurinn fer þá í heimsóknir ískólann, fær að kynnast svoltið umhverfinu þar og fá smávegis undirbúning fyrir komandi skólaár. Þá hefur einnig verið samstarf við þá grunnskóla sem munu taka á móti börnum sem hafa þurft á sérkennslu að halda í leikskólanum.

## Helstu verkefni 2025 - 2026

Vinna við að verða UNESCO skóli er að hefjast. Nánari upplýsingar um það verkefni er að finna [hér](#)

Vinna við að innleiða Jákvæðan aga er að hefjast. Nánari upplýsingar um jákvæðan aga er að finna á heimasíðu samtakanna, <https://jakvaeduragi.is/>

Í samstarfi við háskólann á Akureyri erum við að hefja innleiðingu á teymisvinnu starfsmanna.

## Leiðir skólans til að mæta nemendum með viðbótarþjónustu

[Hér](#) er að finna upplýsingar um leiðir skólans til að mæta nemendum með viðbótarþjónustu

*Undirskrift skólustjóra*

---

*Akureyri, dagsetning*